

Þriðjudaginn 28. mars 1995.

Nr. 95/1995.

**Hjálmur hf.**

(Hlöðver Kjartansson hdl.)

gegn

**Vélsmiðjuni Mjölni hf.**

(Jónatan Sveinsson hdl.)

Kærumál. Málskostnaður.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. mars 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 20. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða, sem kveðinn var upp 3. mars 1995, þar sem varnaraðila er úrskurðaður málskostnaður, að fjárhæð 500.000 krónur, í máli, sem varnaraðili höfðaði gegn sóknaraðila fyrir héraðsdóminum með stefnu, út gefinni 6. júlí 1993. Kæruheimild er í g-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sóknaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til uppkvaðningar úrskurðar um málskostnað að nýju. Til vara krefst hann þess, að málskostnaður í héraði verði felldur niður að öðru leyti en því, að varnaraðili verði dæmdur til að greiða sóknaraðila 401.762 krónur í matskostnað. Til þrautavara krefst sóknaraðili, að málskostnaður úr hendi „sóknaraðila í héraði“ verði lækkaður verulega. Loks krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Svo sem greinir í úrskurði héraðsdóms, var ákvörðun um málskostnað falin dómsformanni á grundvelli 2. mgr. 108. gr. laga nr. 91/1991, eftir að sátt hafði tekist um önnur ágreiningsefni í málinu. Var ákvörðun þessi rétt samkvæmt 2. ml. 3. mgr. 4. gr. sömu laga. Með vísun til þess og forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðila ber að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem greinir í dómsorði.

### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Hjálmur hf., greiði varnaraðila, Vélsmiðjunni Mjölmi hf., 40.000 krónur í kærumálskostnað.

### Úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða 3. mars 1995.

Ár 1995, föstudaginn 3. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er í Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi um málskostnað í málinu nr. E-115/1993: Vélsmiðjan Mjölmi hf. gegn Hjálmi hf.

#### I.

Málið höfðaði Jónatan Sveinsson hrl. fyrir hönd Vélsmiðjunnar Mjölmi hf., kt. 540292-2809, Mávakambi 2, Bolungarvík, með stefnu, út gefinni 6. júlí 1993, á hendur Hjálmi hf., kt. 641168-0179, Hafnarbakka, Flateyri, sem birt var 31. ágúst 1993, en málið var þingfest hér fyrir dómi 8. september s. á.

Af hálfu stefnda tók Hlödver Kjartansson hdl. til varna í málinu. Hefur síðan farið fram umfangsmikil gagnaöflun, þar á meðal matsgerð tveggja sérkunnáttumanna, sem dómkvaddir voru 14. febrúar 1994. Lá endanleg niðurstaða þeirra ekki fyrir fyrr en 8. nóvember s. á. Á dómþingi 29. desember voru síðan kvaddir til setu í dómnum sérfróðir meðdómendur, sem tóku fyrst sæti í réttinum fimmtudaginn 23. febrúar 1995. Þann dag var tekinn skýrsla af einu vitni í húsakynnum Héraðsdóms Reykjavíkur, en í framhaldi af því flugu dómendur og lögmenn aðila vestur til Ísafjarðar, þar sem fyrirhuguð var aðalmeðferð í málinu að morgni næsta dags. Áður en til eiginlegrar aðalmeðferðar kom, höfðu hins vegar settir tekist um allt annað en málskostnað, en ákvörðun hans var falin dómsformanni á grundvelli 2. mgr. 108. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 að undangenginni framlagningu málskostnaðarreikninga beggja aðila og málf lutningi lögmanna um þennan þátt málsins.

#### II.

Samkvæmt 1. mgr. 130. gr. einkamálalaga skal sá, er tapar máli, í öllu verulegu að jafnaði dæmdur til að greiða gagnaðila sínum málskostnað. Verðmæti kröfu stefnanda nam á málf lutningsdegi tæplega 9.000.000 króna að með töldum dráttarvöxtum. Sættir tókust þann dag um greiðslu á

5.000.000 króna, en áður hafði stefndi greitt inn á stefnukröfuna (8.727.545 krónur auk dráttarvaxta) samtals 2.250.000 krónur. Að þessu virtu þykir ekki verða hjá því komist að verða við kröfu lögmanns stefnanda og úrskurða stefnda til greiðslu málskostnaðar samkvæmt 1. mgr. 129. gr. tédra laga. Við ákvörðun hans þykir þó mega líta til þess, að sættir tókust í málinu fyrir aðalmeðferð. Ber að miða kostnað stefnanda af flutningi málsins við niðurstöðu nefndrar dómsáttar, þ. e. 5.000.000 króna.

Samkvæmt framanrituðu og að teknu tilliti til útlagðs kostnaðar af hálfu stefnanda þykir hæfilegt að ákvarða honum 500.000 krónur í málskostnað úr hendi stefnda.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Stefndi, Hjálmur hf., greiði stefnanda, Vélsmiðjunni Mjölmi hf., 500.000 krónur í málskostnað.

---